

Alþingi  
Erindi nr. P 123/618

LANDSSAMBAND LÍFEYRISSJÓÐA  
SAMBAND ALMENNRA LÍFEYRISSJÓÐA

komudagur 12.12.198

Reykjavík 11. desember 1998

Allsherjarnefnd Alþingis  
Nefndasvið Alþingis  
Þórshamri v/Templarasund  
150 Reykjavík

**Efni: Umsógn um br. á 4 gr. frv. til laga um breytingu á skaðabótalögum:**

LL og SAL gera sérstakar athugasemdir við 4. grein frumvarpsins, þar sem gert ráð fyrir að hluti örorkulífeyrisgreiðslna lífeyrissjóðanna dragist frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns.

Lífeyrissjóðasamböndin telja fyrirhugaða skerðingu örorkulífeyris sjóðfélaga sem verða fyrir líkamstjóni með öllu óviðunandi og geta samböndin alls ekki tekið undir rökstuðning þann sem fram kemur í greinargerð með frumvarpinu “um eðli örorkulífeyris.” Sá skilningur höfundar greinargerðarinnar að örorkulífeyrir lífeyrissjóðanna sé samsettur úr tveimur þáttum þ.e. annars vegar launþega og hins vegar atvinnurekanda byggir á misskilningi. Það er jafnframt rangt að lagaskylda, sem í gildi hefur verið um langt árabil, um greiðslu iðgjalda til lífeyrissjóða valdi því að réttur til örorkulífeyris sé annars eðlis en annar bótaréttur. Ekkert breyttist í þessum efnum við setningu laga um lífeyrissjóði.


Verði ofangreindar breytingar á 4. mgr. 5. gr. laganna að lögum er þar með búin til enn ein tekjutengingin við lífeyrisgreiðslur lífeyrissjóðanna með óæskilegum jaðarskattaáhrifum og vara lífeyrissjóðasamböndin eindregið við þeim afleiðingum sem ofangreind breyting á skaðabótalögnum hefur í för með sér fyrir hinn almenna sjóðfélaga.

Að endingu er með öllu óljóst hvernig reikna skal verðmæti örorkulífeyris til eingreiðslu, þar sem fyrstu þrjú árin eftir orkutap skal meta orkutap sjóðfélagans til þess starfs sem hann gegndi og greiddi iðgjald af til viðkomandi lífeyrissjóðs, en eftir þann tíma til allra almennra starfa.

Virðingarfyllst,

f.h. Landssambands lífeyrissjóða

Þorgeir Eyjólfsson



f.h. Sambands almennra lífeyrissjóða

Hrafn Magnússon

